VERÐBRÉFAÞING ÍSLANDS HF
*Löggilt kauphöll*

Alþingi
Erindi nr. Þ 125/1759
komudagur 26.4.2000

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 26.04.2000
Tilv. 7.2.1
ÓAS/óas

**Efni: Umsögn VÞÍ um frumvörp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 547. mál, hlutabréf, lífeyrisiðgjöld o.fl. og frumvarp til laga um tryggingargjald, 550. mál.**

Verðbréfaþing Íslands hf. hefur móttekið bréf yðar dags. 12. apríl sl. þar sem þér farið þess á leit að Verðbréfaþing veiti umsögn sína um fyrirliggjandi frumvörp til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, 547. mál, hlutabréf, lífeyrisiðgjöld o.fl. og frumvarp til laga um tryggingargjald, 550. mál. Verðbréfaþing hefur haft mál þessi til meðferðar og gerir ekki efnislegar athugasemdir við þau. Þó vill Verðbréfaþing koma eftirfarandi á framfæri:

- Í 2. gr. segir: "Með gangverði er átt við skráð gengi í kauphöll á þeim degi þegar kaupréttur er nýttur." Verðbréfaþing leggur til að orðalaginu verði breytt: "*Með gangverði er átt við skráð markaðsverð í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði þegar kaupréttur er nýttur.*" Þá telur Verðbréfaþing að í 4. málsl. sömu greinar sé rétt að tala um *hlutabréf* í stað *hluta*, þar sem hlutabréf eru skráð í kauphöll en ekki hlutir.

Virðingarfyllst
Verðbréfaþing Íslands hf.

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson
Lögfræðingur

Engjateigi 3 105 Reykjavík
sími: 525 2800 bréfasími: 525 2888
netfang: vi@vi.is veffang: www.vi.is